

Ed.

320. Frumvarp til laga

[159. mál]

um breyting á lögum nr. 41 28. nóvember 1919, um landamerki o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Lokaorð 2. gr. 1. mólsgr. laganna orðist svo:

Skal hann athuga, hvort allir aðilar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess í skránni. Hann skal þegar í stað senda sýslumannni skrána til þinglýsingar.

2. gr.

4. gr. 2. mólsgr. sömu laga orðist svo:

Dómi um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá. Dómur skal afhentur til þinglýsingar innan fjögurra mánaða frá dómsuppsögn, enda hafi hann ekki sætt áfrýjun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Frv. þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Í frv. er lagt til, að orðalagi sé breytt lítið eitt í tveimur ákvæðum laga nr. 41/1919, og er það nánast til samræmis við reglur þær, sem felast í þinglýsingalagafrumvarpinu. Rétt er að benda á, að samkv. 2. gr. frv. er miðað við það, að dómi um landamerki sé þinglýst innan fjögurra mánaða frá uppsögn hans, og þykir sú regla heppilegri en regla 4. gr. laga nr. 41/1919, eins og hún er nú.